

Hörgársveit
Belamerkuskóli
601 Akureyri

Reykjavík, 14. mars 2024
UST202403-113/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting - Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024 og deiliskipulag - Lónsbakkahverfi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hörgársveitar er barst 7. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Lónsbakkahverfi. Í greinargerð kemur fram að hluti lands Lónsár er breytt úr verslunar- og þjónustusvæði í íbúðarsvæði, aðkomuleið að lóðinni Lónsbakka er bætt við skipulagsuppdrátt auk þess að götutenging milli Lónsvegar og Sjafnargötu á Akureyri er felld út af skipulagsuppdrætti. Auk þess er svæði fyrir samfélagsþjónustu (S1) stækkað til norðurs til að gera ráð fyrir stækkun leikskólans Álfasteins. Bætt er við reit fyrir verslun og þjónustu við Hörgárbraut. Einnig er hringtorgi á Þjóðveg 1 við gatnamót Lónsvegar fært inn á deiliskipulag.

Krossanesborgir

Á uppdrætti deiliskipulags er gert ráð fyrir útkeyrslu úr hringtorgi í norður í átt að Krossanesborgum, en ekki kemur fram hver tilgangur hennar er.

Krossanesborgir voru friðlýstar sem fólkvangur árið 2005. Markmiðið er að vernda svæðið til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Auk þess er verndaður mikilvægur varpstaður fjölda fuglategunda, búsvæði sjaldgæfra plöntutegunda og sérstæðar jarðmyndanir og þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni.¹

Umhverfisstofnun bendir á að nú þegar er bílastæði við Óðinsbraut fyrir gesti fólkvangsins. Að mati Umhverfisstofnunar mun ný vegtenging inn í fólkvanginn sem gæti m.a. tengjast við Húsasmíðjureit rýrt verndargildi fólkvangsins og því ætti ekki að leggja vegtengingu í gegnum fólkvanginn.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri

¹ https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/krossanesborgir_162_2005.pdf